



Hvalrekinn

Ágúst 2016

Skólasetning

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Við viljum minna á að skólasetning Hvaleyrarskóla verður mánudaginn 22. ágúst á sal skólans og eru foreldrar hvattir til að mæta með börnum sínum á skólasetninguna sem hér segir:

- Kl. 8:30 Nemendur í 2., 3. og 4. bekk
- Kl. 9:15 Nemendur í 5., 6. og 7. bekk
- Kl. 10:00 Nemendur í 8., 9. og 10. be.

Nemendur í 1. bekk eru með sérstöku bréfi boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennara mánudaginn 22. ágúst.

Að lokinni skólasetningu fara nemendur og foreldrar með umsjónarkennara í heimastofu og fá afhenta stundaskrá og aðrar upplýsingar. Gera má ráð fyrir að nemendur í 2.-10. bekk séu í skólanum í 40-60 mínútur á skólasetningardegi.

Kennsla hefst hjá öllum nemendum skólans þriðjudaginn 23. ágúst.

Foreldrar nemenda í 1. bekk eru hvattir til að mæta með börnum sínum í upphafi fyrsta skóladags. Skólasetning hjá 1. bekk er á sal skólans þriðjudaginn 23. ágúst kl. 8:20.

Það er von okkar og vissu að við eigum eftir að eiga ánægjulegt samstarf á komandi misserum með hag nemenda og skólans að leiðarljósi.

Ritfangalistar/innkaupalistar



Eins og fram kom í bréfi til foreldra þann 24. júní var ákveðið í samráði við kennara

skólans og stjórn foreldrafélagsins að skólinn muni kaupa þau námsgögn sem nemendur þurfa að nota í skólanum.

Allur efniviður verður þá til staðar fyrir nemendur eins og stíla- og reikningsbækur, blýantar, gráðubogar, litir, lím og fleira. Þetta gildir fyrir alla árganga skólans. Efnisgjaldið þarf að greiða í ágúst og verður upphæðin send ykkur foreldrum í kringum skólasetninguna.

Á móti losna foreldrar við að standa í innkaupum þegar mest er að gera í bókaverslunum og einnig verða þá allir hér með sambærileg gögn.

Mataráskrift skólaárið 2016-2017



Hafnafjarðarbær hefur gert samning við Skólaask um rekstur mótuneyta leikskóla og grunnskóla. Skólaaskur mun taka að sér rekstur

mótuneyta og lögð verður áhersla á þrjá mikilvæga þætti: næringu barna, umhverfissjónarmiðum og matarsóun.

Í upphafi skólaárs þarf að skrá öll börn í mataráskrift í gegnum heimasíðu Skólaasks, sjá vefslóð:

<http://skolaaskur.is/skr%C3%A1ning.html> og geta aðstandendur skráð nemendur í mataráskrift. [Nánar á heimasíðu skólans.](#)

Með bestu kveðjum,
Skólastjórnendur.

